

hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa þannig, að sektin færist niður í 20 krónur. Hinum ákærða, Sigurði Jónssyni, ber að greiða allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málaflutningslaun tíí sóknara og svara-manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10. kr. til hvors.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna fra dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. ágústmán.

Nr. 10/1879:

Rjettvísín

gegn

Eggert Stefánssyni, Rögnvaldi  
Guðmundssyni, Ólafi Árnasyni,  
Benidikt Grímssyni og Þor-  
láki Ásmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 21. dag marzmán. þ. á. var fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu að Reynisstað, kveðinn upp dómur í máli því, sem hjer er um að ræða, og voru hinir ákærðu dæmdir fyrir sauðapjófnað, hluttekningu í þessum glæp og hilmingu þannig: ákærði Eggert Stefánsson til að sæta betrunarhússvinnu í 3 ár, til að greiða iðgjöld til síra Markúsar Gíslasonar 12 krónur, og í sameiningu við meðákærða Þorlák Ásmundsson til Sveins Gunnarssonar í Borgarey 8 krónur, til að greiða

allan af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, og til að greiða in solidum með meðákærða Rögnavaldi Guðmundssyni helming málskostnaðar og málsvarnarlaun til svaramanns síns, hreppstjóra Jóhanns Pjeturssonar 6 krónur, ákærði Rögnavaldur Guðmundsson til að sæta betrunarhússvinnu í 1 (eitt) ár, og til að greiða allan af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, en in solidum með ákærða Eggert Stefánssyni helming annars málskostnaðar, og málsvarnarlaun til svaramanns síns, sýslunefndarmanns Sveins Guðmundssonar, 6 krónur, ákærði Benidikt Grímsson til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga. til að greiða  $\frac{1}{6}$  part af hinum almenna málskostnaði og 2 kr. í varnarlaun til talsmanns hans, alþingismanns Friðriks Stefánssonar, ákærði Þorlákur Ásmundsson til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga, til að greiða  $\frac{1}{6}$  part af hinum almenna málskostnaði, og til talsmanns hans, Friðriks Stefánssonar, 2 kr., en ákærði Ólafur Árnason er dæmdur sýkn af kærú sóknarans í málinu, þó þannig, að hann greiði kostnað þann, sem leitt hefur af varðhaldi hans,  $\frac{1}{6}$  part almenns málskostnaðar, og 4 kr. í varnarlaun til talsmanns hans, Friðriks Stefánssonar.

Þessum dómi hefur eptir ósk ákærða Þorláks Ásmundssonar, og af hinu opinbera að því hina aðra ákærðu snertir, verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða Eggerts Stefánssonar, og styðst hún af því sem á annan hátt er ljóst orðið í málinu, er löglega sannað, að hann á árinu 1878 hefur stolið kindum þeim, er nú skal greina:

1. gemling frá Sveini Gunnarssyni í Borgarey,
2. á með dilk með marki Sveins Gunnarssonar; á á þessa og dilk lagði hann mark sitt fram á Eyvindarstaðarheiði,

3. veturgamalli kind hvíthyrndri í sama skipti og nr. 2 frá Jóni Stefánssyni á Völlum; á hana kvaðst hann hafa lagt mark meðákærða Ólafs Árnasonar,
4. Þrem kindum uppi við Húseyjarkvísl um sauðburð 1878,
5. 2 sauðum í Stafnsrjett haustið 1878,
6. 4 kindum veturgömlum í seinni Stafnsrjett, sem hann slepti aptur af hræðslu, af því stuldurinn nr. 1 var orðinn ber,
7. 2 kindum veturgömlum uppi við kvísl vorið 1878, átti Símon Bjarnason í Húsey, aðra, en hina átti Friðrik Stefánsson í Vallholti,
8. 2 fjalllömbum fram á afrjetti um leið og nr. 2 og 3,
9. 1 sauð veturgömlum uppi við Húseyjarkvísl vorið 1878,
10. veturgamalli kind og lambi eptir Stafnsrjett; tók hann þær í fjárhúsunum á Syðra- og Ytra-Vallholti, þær voru með marki síra, Markúsar Gíslasonar í Blöndudalshólum,
11. 2 hvíthyrndum lambgeldingum í Stafnsrjett,
12. hvíthyrndum lambgelding á Eyvindarstaðaheiði og,
13. lambá úr Vallholtsfjenu; átti hún heima á Reykj-arhóli.

Þar að auki tók hann við veturgamalli kind hjá meðákærða Rögnvaldi Guðmundssyni uppí skuld, þótt hann vissi, að hún væri stolin, var eptir því sem hann hefur sjálfur frá skýrt, í verki með meðákærða Ólafi Árnasyni að afmarka 3 kindur veturgamlar og 2 lömb undir mark Ólafs, fram á Eyvindarstaðaheiði, afmarkaði 4 kindur í tanga við Húseyjarkvísl, og að því sjeð verður, markaði hann undir sitt mark 2 ær af fleiri, sem hann hafði tekið á leigu. Allar þessar kindur tók hann annaðhvort á víðavangi, í fjárhúsum annara,

eða í fjárrjettum. Af þeim eru nokkrar fengnar aptur eigendum, mörgum þeirra hafði hann fargað, margar voru þær, er ekki spurðust eigendur að, og endurgjalds hefur einungis, að vottun dómars, verið krafizt af 2 mönnum. Þessi afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og ekki hefur áður verið dæmdur fyrir neitt afbrot, ber að heimfæra undir 231. og 240. greinir, sbr. 49. og 55. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann eptir greindum laga-stöðum hefur til unnið, þegar á annan bóginn er litið til þess, að þýfið nam svo miklu að verðlagi, en á hinn bóginn þess er gætt, að hinn ákærði ekki var nema um tvítugt, þegar hann varð sekur, og hefur fengið beztu vitnisburði um hegðun að undanfögnu, hæfilega ákveðin af undirdómaranum 3 ára betrunarhússvinna. Í iðgjöld ber honum að greiða síra Markúsi Gíslasyni 12 kr., og Sveini Gunnarssyni í Borgar-ey 8 kr., og getur yfirdómurinn ekki aðhyllzt þá skoðun undirdómarans, að meðákærði Þorlákur Ásmundsson eigi að greiða helming nefndra 8 króna, því það er ekki gegn neitun hans sannað, að hann hafi þegið nokkuð af andvirði gemlings þess, er þetta sje skyldi koma fyrir. Um málskostnað í hjeradi á dómur undir-  
rjettarins að því ákærða snertir óraskaður að standa.

Að því snertir hinn ákærða Rögnvald Guðmundsson, þá hefur hann játað, og styrkist sú játning af því sem á annan hátt er upplýst í málinu, að hann haustið 1878 hefur stolið í Stafnsrjett veturgömlum sauð og 2 lömbum; sauðinn og annað lambið ljét hann meðákærða Eggert Stefánsson fá fyrir vasaúr, en hitt lambið seldi hann. Þar að auki hefur hann kannast við, að hann vorið 1878 hafi hjálpað Eggert til að afmarka 3 gemlinga, sem hann vissi að voru stolnir, og seinna til að afmarka 4 kindur, er hann reyndar kveðst hafa

haldið að væru frjálssar. Fyrir þessa aðstoð tók hann um haustið við veturgamalli kind af Eggert, og ljét hann hana upp í skuld til nafngreinds manns. Einnig var honum kunnugt um ráðagjörð Eggerts að handsama og afmarka fje í afrjettinni, en tók reyndar engan þátt í afmörkun fjárins þar, þótt Eggert byði honum að vera í verki með sjer.

Þessi afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið dæmdur fyrir neitt afbrot, hefur undirdómarinn með rjettu heimfært undir 231. gr. sbr. þó 48. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin hæfilega metin af honum 1 árs betrunarhússvinna. Um málskostnað að hans leyti virðist hjeradsdómurinn eiga að standa óraskaður.

Meðákærði Benedikt Grímsson hefur játað, að hann eptir bón Eggerts hafi haldið í 2 gemlinga meðan Eggert vorið 1878 afmarkaði þá; hafi Eggert sagst hafa fengið þá framan úr sveit; en nokkru seinna hafi Eggert sagt sjer, að þeir hafi verið ófrjálssir; hafi hann þá einhverntíma, er þeim Eggert varð sundurorða, látið hann skilja á sjer, að hann, ef til vildi, mundi koma upp um hann; hafi Eggert þá hótad sjer hörðu, en þó seinna viljad blíðka sig með því að lofa sjer veturgamalli kind; en hann kveðst alls ekki hafa tekið þessu, eins og hann heldur ekki hafi á neinn hátt tekið við neinu af Eggert í þessu skyni. Hefur undirdómarinn skoðað þetta sem hilmingu og dæmt ákærða eptir 240. gr. hegningarlaganna til fangelsis við vatn og braud í 3×5 daga. En yfirdómurinn fær ekki álitid, að ástæða hafi verið til að dæma hann fyrir hilmingu, því ákærði hefur hvorki keypt, nje á annan hátt tekið við neinu hjá Eggert, er hann vissi að var stolið, og gat því heldur ekki lagt launung á það; yfirdómurinn getur heldur ekki á-

litið, að ákærði hafi unnið til hegningar með því að segja ekki til um afbrot Eggerts eptir að honum varð það kunnugt, því það er ekki eptir hegningarlögunum almenn skylda að uppljóstra um hverskyns afbrot, sjá 110. gr. hegningarlaganna. Það ber því að dæma ákærða Benedikt sýknan af ákæru sóknarans í máli þessu, en eptir málavöxtum virðist hann þó ekki geta komizt hjá að greiða tiltölulegan hluta málskostnaðar, er virðist hæfilega metinn af undirdómaranum, og ber því að því leyti að staðfesta undirrettardóminn.

Ákærða Þorláki Ásmundssyni er gefið að sök, að hann hafi tekið þátt í stuldi einnar kindar með Eggert Stefánssyni með því að óska, að hann næði aptur í gemling, er hann hafði selt Eggert, en hann aptur Sveini í Borgarey, og samsinna þeim ummælum Eggerts, að gemlingurinn væri ekki ofmikil uppbót á viðskiptum þeirra Sveins og Eggerts. Virðist Þorlákur þannig með ráðum hafa veitt Eggert liðsinni til glæpsins, og hann, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið dæmdur fyrir neitt afbrot, því rjettilega af undirdómaranum dæmdur samkvæmt 49. og 52. gr. hegningarlaganna til 3×5 daga fangelsis við vatn og brauð, og verður yfirdómurinn einnig að fallast á undirrettardóminn að því leyti snertir málskostnað þann, sem Þorláki er gjört að greiða, en hin ídæmdu iðgjöld falla, eins og áður sagt, að hans leyti burtu.

Að því snertir ákærða Ólaf Árnason, sem er grundaður um allmikinn sauðapjófnað og meðverknað til þessa glæps, en sem hann stöðugt og fastlega hefur neitað, virðist, af þeim ástæðum, sem af undirdómaranum eru tilgreindar, eiga að staðfesta undirrettardóminn að öllu leyti, og því að dæma hann sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli, þó þannig, að hann

greiði allan kostnað af varðhaldi sínu,  $\frac{1}{6}$  alls almenns málskostnaðar, og 4 kr. í varnarlaun til talsmanns síns í hjeraði.

Helming málskostnaðar fyrir yfirrjettinum greiði hinir ákærðu Eggert Stefánsson og Rögnvaldur Guðmundsson einn fyrir báða og báðir fyrir einn, en Benedikt, Þorlákur og Ólafur eiga að lúka  $\frac{1}{6}$  hans hver þeirra; svo ber Eggert að greiða hinum skipaða verjanda fyrir yfirrjetti í varnarlaun 12 kr., Rögnvaldur sömuleiðis 12 kr., og Benedikt, Þorlákur og Ólafur sömuleiðis 4 kr. hver þeirra í varnarlaun. Til hins skipaða sóknara greiði hinir ákærðu málsfærslulaun eptir sama hlutfalli og málskostnaðinn, en þau ákveðast alls 18 krónur.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Benedikt Grímsson á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Að öðru leyti á dómur undirrjettarins óraskaður að standa, þó þannig, að hinn ákærði Eggert Stefánsson greiði einn þær 8 kr., sem Sveini Gunnarssyni í Borgarey ber í iðgjöld. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir ákærðu Eggert Stefánsson og Rögnvaldur Guðmundsson einn fyrir báða og báðir fyrir einn að helmingi, og þar á meðal helming málsfærslulauna hins skipaða sóknara (9 kr.), sem ákveðast 18 kr., en Eggert borgi talsmanni sínum, málaflutningsmanni P. Melsteð, í varnarlaun 12 kr., og Rögnvaldur sömuleiðis kand. Indriða Einarrssyni 12 kr. Hinir ákærðu Ólafur, Þorlákur og

Benedikt greiði hver þeirra  $\frac{1}{6}$  málskostnaðar fyrir yfirdómi, og þar á meðal málsfærslulaun sóknara, setts málaflutningsmanns Jóns Jónssonar, 3 kr. hver, og 4 kr. hver þeirra í varnarlaun til talsmanns þeirra, amtsskrifara Páls Jóhannessonar.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8, septembermán.

Nr. 6/1879

Ritstjóri Jón Ólafsson  
 gegn  
 sýslumanni P. Böving

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu 9. dag maímán. 1878, er áfrýjandi þessa máls, ritstjóri blaðsins «Skuldar», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um P. Böving, sýslumann í Norður-Múlasýslu, í 1. árg. 8. og 11. tölublöðum greinds blaðs, er komu út 24. ág. og 12. okt. 1877, til að lúka 100 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, til að sæta einföldu fangelsi í 30 daga; svo eru hin ærumeiðandi ummæli dæmd dauð og marklaus og áfrýjandinn skyldaður til að greiða allan löglegan kostnað af málinu, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi sækjanda í hjerði, og þar á meðal málaflutningslaun til hins skipaða talsmanns sýslumanns Bövings, 10 krónur.

Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 31. janúar þ. á., og hefur hann krafizt, að hann verði sýknaður af kærnum og